

## TILLAGA

### fyrir aðalfund Landssambands veiðifélaga 2024

Stjórn Landssambands veiðifélaga leggur svohljóðandi tillögu um breytingu á samþykkt Landssambandsins fyrir fundinn:

Að 4. gr. samþykktar Landssambandsins sem nú er svohljóðandi:

*„Sambandið heldur aðalfund í júnímánuði ár hvert. Skal boðað til hans skriflega með minnst mánaðar fyrirvara. Heimilt er að boða til fundarins með tölvupósti. Þá skal fundurinn auglýstur á vefsíðu sambandsins og í einum prentuðum miðli. Fundurinn er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.*

*Kynnt skulu í fundarboði mál þau er fyrir liggja, enda er aðildarfélögum skylt að senda stjórn sambandsins tillögur þær, er þau óska að ræddar séu á aðalfundum, eigi síðar en 1. maí.“*

verði eftir breytingu svohljóðandi:

*„Sambandið heldur aðalfund fyrir lok júní ár hvert. Skal boðað til hans skriflega með minnst mánaðar fyrirvara. Heimilt er að boða til fundarins með tölvupósti. Þá skal fundurinn auglýstur á vefsíðu sambandsins og í einum prentuðum miðli. Fundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað.*

*Aðildarfélög skulu senda stjórn sambandsins tillögur þær er þau óska að ræddar séu á aðalfundum eigi síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund. Stjórn sambandsins skal senda allar tillögur sem berast samkvæmt þessari grein til aðildarfélaga eigi síðar en tíu dögum fyrir aðalfund.“*

#### **Greinargerð með tillögu:**

Stjórn Landssambandsins ákvað, eftir samtöl við félagsmenn, að halda aðalfund ársins 2023 í aprílmánuði. Ástæður þessa voru einkum tvíþættar, þ.e. að sá fundartími þótti hugsanlega henta betur breiðari hópi félagsmanna með tilliti til dagskrár bænda og almennra sumarleyfa og að í ljósi vaxandi ferðaþjónustu er aukinn möguleiki á gistingu og kostnaður við hana lægri í apríl en júní. Þótti þessi tilraun heppnast vel og var því ákveðið að halda aðalfund ársins 2024 einnig í apríl. Í ljósi þessa er lögð til breyting á 1. mgr. 4. gr. samþykktar Landssambandsins svo hún samræmist framkvæmd og þykir stjórn eðlilegt að greinin sé opin hvað varðar tímasetningu en að aðalfundur sé þó haldinn á fyrri helmingi árs.

Þá er lagt til að aðildarfélögum verði veittur aukinn frestur til að koma málum að á aðalfundi. Í ljósi tækniframfara undanfarinna ára og styttri boðleiða þykir stjórn eðlilegt að aðildarfélög geti gert tillögur að málum eftir að til aðalfundar hefur verið boðað, þó í síðasta lagi tveimur vikum fyrir fund, og að önnur aðildarfélög verði upplýst um slík mál með tíu daga fyrirvara. Þessu til samræmis er lögð til breyting á 2. mgr. 4. gr. samþykktar Landssambandsins.